



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Ungmennaráð sértækra félagsmiðstöðva

Þuríður Marín Jónsdóttir og Birkir Björnsson

Hellirinn, Hofið, Höllin og Askja

Skólaárið 2019-2020



Efnisyfirlit

1.	Inngangur	2
2.	Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd	3
3.	Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra	4
4.	Mat á verkefninu	4
5.	Greinargerð um notkun styrkfjár	5
6.	Kynning	5
	Heimildir	5
	Fylgiskjöl ef við á	6

ATH.

- Skila þarf skýrslu í tölvupósti á sfs@reykjavik.is
- Skýrslur vegna þróunar- og nýsköpunarverkefna eru [birtar á vef menntastefnu Reykjavíkurborgar](#)

1. Inngangur

Ungmennaráð eru starfandi í öllum borgarhlutum Reykjavíkur en nemendaráð allra grunn- og framhaldsskóla tilnefna tvo fulltrúa, 13-18 ára til að starfa í ungmennaráði í hverfinu.

Ungmennaráð Breiðholts er með opið ungmennaráð þar sem þeir sem hafa áhuga geta mætt og prófað og svo ákveðið hvort þau vilji taka þátt. Við teljum algengt að fötluð börn skorti virkni í félagslífi skólans og virðast þau oft ósýnileg og eru því opin ungmennaráð aðgengilegri. Því finnst okkur mikilvægt að þau fái sér vettvang þar sem þau geti haft áhrif.

Eftir skólaárið sjáum að það er margt sem mátti bæta. Við höfum undirbúninginn frekar seint og áttum erfitt með að ná öllum fjórum félagsmiðstöðvunum saman. Það var því margt sem mátti bæta með samskiptin en við teljum að mikilvægt sé að ákveða fundina fyrir fram, mögulega að hafa fasta fundi einu sinni í mánuði eða hálfs mánaðarlega. Við sáum samt marga kosti og var þetta tækifæri fyrir unglingana að koma sínum skoðunum á framfæri og kynnast nýjum unglingum.

Markmið verkefnisins var að sameina raddir sértæku félagsmiðstöðvanna og skapa vettvang fyrir þau til að láta skoðanir sínar á ýmsum málefnum í ljós. Ungmennin verða virkir þátttakendur í málefnum sem snerta þau.

Við teljum markmiðin byggja á:

- Menntastefnu Reykjavíkur þar sem þetta verkefni mun styrkja ungmennin í félagsfærni og sjálfsefningu.
- Barnasáttmálanum, en í 12. gr sáttmálans segir að „öll börn eiga rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er varða þau og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska.“
- Samningi sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, en í 7. gr segir að „í öllum aðgerðum, sem snerta fötluð börn, skal fyrst og fremst hafa það að leiðarljósi sem er viðkomandi barni fyrir bestu“ og „aðildarríkin skulu tryggja fötluðum börnum rétt til þess að láta skoðanir sínar óhindrað í ljós um öll mál er þau varða, jafnframt því að sjónarmiðum þeirra sé gefinn gaumur eins og eðlilegt má telja miðað við aldur þeirra og þroska, til jafns við önnur, börn og veita þeim aðstoð, þar sem tekið er eðlilegt tillit til fötlunar þeirra og aldurs, til þess að sá réttur megi verða að veruleika.“
- Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, en „óheimilt er að mismuna fólki vegna fötlunar. Skal fötluðu fólki því tryggðar aðstæður til að taka virkan þátt í borgarsamfélaginu. Framlag hvers og eins er metið að verðleikum. Virða ber rétt

hvers og eins til að tjá sig, eða tjá sig ekki, um fötlun sína. Varast ber að líta svo á að allir séu eins þó að þeir tilheyri ákveðnum hópi og gæta þarf þess sérstaklega að greina stöðu fatlaðs fólks eftir kyni. Reykjavíkurborg er þess vitandi að hugtakið fötlun er breytingum undirorpið og að rekja má fötlun til víxlverkunar milli einstaklinga með skerðingar og viðhorfa sem ríkja í samfélaginu til þeirra, og koma í veg fyrir virka samfélagsþátttöku þeirra. Reykjavíkurborg lítur svo á að framlag fatlaðs fólks til velsældar og fjölbreytni borgarsamfélagsins sé verðmætt. Virk þátttaka fatlaðs fólks í samfélaginu eru grundvallarmannréttindi og kemur öllum til góða. Fatlað fólk er í mikilli hættu á að verða fyrir ofbeldi og vanrækslu og engum er jafn hætt við ofbeldi og fötluðum konum og börnum. Einsetur borgin sér að vinna sérstaklega gegn þeirri vá sem að þeim steðjar.“

2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd

Hugmyndin um „sér“ ungmennaráð kom eftir námsferð í Svíþjóð þar sem farið var til Lundar. Í Lundi eru starfandi ungmennaráð þar sem allir eru velkomnir og ekki þarf að kjósa um þátttakendur. Ungmennaráðið bauð öllum fötluðum ungmönnum, sem eru langflest í sérdeildum, til að taka þátt í ungmennaráðinu en þeim fannst ungmennaráðið allt of stórt og víðamikil fyrir sig. Þau ákváðu því að búa til sitt eigið ungmennaráð sem heitir „Inflytandecaféer“ sem þýðir áhrifavaldakaffi en fötluðu ungmennin vildu frekar hafa kaffihúsastemningu en það fannst þeim skemmtilegra þar sem þau gátu fengið sér kaffi og köku ásamt því að spjalla um málefni sín.

Helstu áskoranir voru að virkja ungmennin, vekja upp áhuga hjá þeim og fá þau til að taka þátt. Einnig að aðstoða ungmennin við að finna áhugaverð málefni sem henta þeim. Þar á meðal þurfti að finna starfsfólk sem hefur drifkraft og áhuga til að sinna verkefninu. Aðallega sáu Þuríður Marín og Birkir úr Hellinum um að finna tíma fyrir fundi og þau höfðu samband við hinar félagsmiðstöðvarnar.

Undirbúningurinn gekk ágætlega en ákveðið var að hafa fyrsta ungmennaráðsfundinn í október og annan fyrir jól. Í fyrstu var verið að reyna að finna hvaða unglingar hefðu áhuga á að vera með og taka virkan þátt. Ekki var gerð krafa um að unglingarnir þyrftu að mæta alltaf og var því aðeins verið að fá þá til að prófa að vera með. Við vildum byrja mjög rólega og var

Því fyrst á dagskrá að skipuleggja Halloween ballið. Þar gátu unglingar komið með allskonar hugmyndir fyrir ballið og þannig haft áhrif á skipulagið. Næsti fundur var til að kjósa tvo fulltrúa í Reykjavíkurráðið. Kosnir voru tveir en einn hætti fyrir jól. Það var því sendur inn varamaður. Því miður varð svo ekki af fleiri fundum fyrir jól.

Ákveðið var að skipuleggja skemmtidag strax í janúar til að ná hópnum saman. Það var því farið í keilu og á shake and pizza sem vakti mikla lukku. Eftir það var sendur var póstur til allra félagsmiðstöðvanna þar sem tilkynnt var hvenær næstu fundir myndu fara fram yfir vorönnina. Einn fundur var haldinn í febrúar þar sem farið var yfir helstu grunnþætti lýðræðis og af hverju mikilvægt væri að unglingar segðu frá sýnum skoðunum.

Því miður var ekki hægt að hafa aðra ungmennaráðsfundi á vorönn vegna Covid-19 en stefnt er að því að skipuleggja næsta haust mun fyrr og læra af reynslunni.

3. *Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra*

Reynslan af verkefninu er góð. Það mætti huga mun betur að skipulagi og ákveða strax í byrjun annar hvenær fundir eiga að vera haldnir. Einnig er mjög gott að byrja strax á því að kynna fyrir krökkunum hvaða tilgangi ungmennaráðið gegnir og hvetja þau til að vera virk. Það er líka gott að huga að því hvaða málefni eigi að vera á hverjum fundi fyrir sig. Við teljum ávinning barnanna vera sá að þau fái vettvang til að segja sínar skoðanir og hafa áhrif.

Samskipti milli félagsmiðstöðvanna mega vera betri en stundum var erfitt að finna tíma allir saman, en það er skiljanlegt þegar um var að ræða kannski stuttan fyrirvara. Því er betra ef að það er ákveðið strax hvenær fundir eru og þá geta þeir sem vilja komið.

Við erum samt sem áður mjög áhugasöm um að halda þessari góðu vinnu áfram og hlökkum til að gera betur á næsta skólaári.

4. *Mat á verkefninu*

Mjög óformlegt mat milli samstarfsfélaga. Markmið verkefnisins voru ekki að fullu uppfyllt en unnið verður að því að sinna þeim strax á næsta skólaári.

5. Greinargerð um notkun styrkfjár

Aðallega fóru útgjöld í starfsmannakostnað og veitingar. Ekki er búið að taka saman hversu mikill hluti fór í starfsmannakostnað þar sem um er að ræða fjóra starfstaði.

Einnig var settur peningur í að gera skemmtidag fyrir ungmennaráðin, einn fyrir jól og einn eftir jól. Þetta var til að skapa góða stemningu í hópnum og fá þau aðeins til að kynnast.

Keypt var ein fræðsla fyrir unglingana sem þeir sjálfir stungu upp á en það var kynfræðsla.

Eyðsla í veitingar og skemmtun var um 90.000kr.

23.10.2019 – Nettó – Pringles fyrir sjoppu á Halloween balli – kr 2151

29.1.2020 – Keila og Shake and pizza á skemmtidegi – kr 71240

26.2.2020 – Pizza fyrir ungmennaráðsfund – kr 15.874

26.2.2020 – Kynfræðsla – kr 20.000

Einnig var gert ráð fyrir yfirvinnu starfsmanna en ekki er búið að telja það saman.

6. Kynning

Ekki hefur verið gerð nein kynning á verkefninu og heldur ekki búið að búa til afurð sem hægt er að gefa út.

Heimildir

Barnasáttmálinn nr. 19/1992

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 2007.

Hellirinn, Hofið, Höllin og Askja

Fylgiskjöl ef við á